

Eyjafilm  
Vesturbrun 26  
104 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2023  
UST202302-031/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Eyjafilm, dagsett 3. febrúar 2023 um leyfi til drónaflugs innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku í Hlíðuvík og Hælavík 15. mars til 5. apríl 2023. Til stendur að mynda landslag, gróður, dýralíf og menningaminjar. Kort sem sýnir mögulegar staðsetningar á drónatökum fylgdu með umsókn. Dróni myndi ekki fljúga hærra en 100 metra. Við Hælavíkurbjarg yrði tekið á loft í 50-100 metra fjarlægð frá bjargbrún þegar fugl er ekki í bjarginu en til vara á tímabilinu 10.-17. júní 2023. Að verkinu kæmi einn starfsmaður og færu vetrartökur fram í nokkra daga á tímabilinu 1. mars til 5. apríl 2023. Nánari tímasetning á tökum færu eftir veðri og hvenær gefur að fara inn á svæðið. Vortökur færu fram 10.-17. júní 2023.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim reglum sem gilda um friðlandið og skilyrðum leyfisins. Drónaflugið gæti haft neikvæð áhrif á aðra gesti svæðisins en stofnunin telur að sé farið eftir skilyrðum leyfisins sé hægt að draga úr þeim. Flug 10.-17. júní er talið líklegt til að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf í Hælavíkurbjargi að mati Umhverfisstofnunar.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun synjar umsókn Eyjafilm um leyfi til drónaflugs við Hælavíkurbjarg innan Hornstranda á tímabilinu 10.-17. júní 2023.

Umhverfisstofnun veitir Eyjafilm fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 15. mars til 5. apríl 2023. Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Hornstranda sbr, lýsingu hér að ofan, fyrir utan Hælavíkurbjarg, á tímabilinu 10.-17. júní 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál sem tengjast verkefninu skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- **Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.**
- **Óheimilt er að elta dýr með drónanum.**
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og óheimilt er að fljúga drónanum ef aðrir gestir en þeir sem eru í fylgd með umsækjanda eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- **Óheimilt er að fljúga við og framyfir fuglabjörg ef fugl er í björgunum og á varptíma.**
- **Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma (1. maí til 15. ágúst). Utan varptíma er óheimilt að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.**

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn vegna ómannaðra loftfara einstaklinga til einkanota á allt að tveimur friðlýstum svæðum er kr. 38.000. sbr. 29. gr. c. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Virðingarfyllt

Edda Kristín Eiríksdóttir  
*sérfræðingur*

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
*sérfræðingur*